

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnuáttalastofnunar – apríl 2026

Skráð atvinnuleysi í apríl var 4,6%

Skráð atvinnuleysi í apríl var 4,6% en var 4,8% í mars. Í apríl 2025 var atvinnuleysið hins vegar 3,9%.

Að meðaltali voru 9.385 atvinnulausir í apríl, 5.598 karl og 3.787 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 242 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 7,5% og minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,8%.

Alls komu inn 356 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnuáttalastofnunar í apríl.


Atvinnulausir voru 9.695 í lok apríl, 5.697 karlar og 3.998 konur.

Í apríl 2026 gaf Vinnuáttalastofnun út 197 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 143 á höfuðborgarsvæðinu.

Í apríl voru 246 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja.

Vinnuáttalastofnun spáir því að atvinnuleysi fari lækkandi í maí og verði um 4,3-4,4%.

Þróun atvinnuleysis frá apríl 2024 til apríl 2026




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði og var 4,6% á landinu sem heild. Atvinnuleysi lækkaði lítillega á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,1%. Á Vestfjörðum hækkaði atvinnuleysi en lækkaði á öllum öðrum stöðum á landinu. Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum annan mánuðinn í röð og fór úr 8,2% í 7,5%. Atvinnuleysi var 4,8% á höfuðborgarsvæðinu í apríl mánuði og 4,2% á landsbyggðinni.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,8%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í mars og apríl.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í apríl og á flestum svæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi var 2,3% meðal karla en 1,1% hjá konum. Á Suðurnesjum var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 7,8% en 7,2% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 5,3% en 4,3% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 4,3% en 4,0% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í apríl.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.695 í lok apríl, 5.697 karlar og 3.998 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 283 frá lokum mars og atvinnulausum konum fækkaði um 73.

Alls voru 2.567 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 139 frá lokum mars.

Alls höfðu 1.823 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl. Í apríl 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.539 og nemur fjölgunin 284 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 2.130 í apríl síðastliðnum en voru 1.989 í apríl 2025.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði ögn heilt yfir í apríl og þróun eftir atvinnugreinum hélst nokkuð stöðug. Mest var breytingin í ferðapjónustu þar sem fækkaði um 92 og í flokknum ýmis þjónustustarfssemi um 44. Mest var fjölgun atvinnulausra í flokknum listir, söfn, tómstundir og fleira eða 18.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 5.447 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 236 frá því í lok mars. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 56% í lok apríl.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 9,5% í apríl samanborið við 2,8% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok apríl 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.108 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í apríl 2026 gaf Vinnumálastofnun út 197 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 143 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 96 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 101 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2026




Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 52 og 42 vegna fjölskyldusameininga. Þá fengu 38 einstaklingar leyfi vegna skorts á vinnuafli og 37 leyfi voru veitt vegna sérfræðipekkingar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í apríl voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 42%, 21% vegna þjónustustarfa og 18% vegna verkafólks. Um 19% voru í öðrum starfsgreinum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl voru gefin út 114 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 65 einstaklingar, 8 fóru til Litáen og 6 til Grikklands, Rúmeníu og Tékklands. Þá voru gefin út 23 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, apríl 2026




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 356 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 241 starf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 59% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 8% á Suðurnesjum. Þá voru tæp 19% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í apríl 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrreðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í apríl voru 246 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 159 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.